

## Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2011 – 2012

Fundarstjóri, ágætu félagar.

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun er nú haldinn þann 25. maí 2012 á Grand Hótel í Reykjavík.

Sif Einarsdóttir og Auðbjörg Friðgeirsdóttir voru kjörnar í stjórn á síðasta aðalfundi, 2011. Anna Margrét Jóhannesdóttir, Páll Ólafsson og Albert Ólafsson voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi ársins 2010.

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir;

- Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður stjórnar
- Sif Einarsdóttir, ritari
- Páll Ólafsson, gjaldkeri
- Albert Ólafsson, meðstjórnandi
- Auðbjörg Friðgeirsdóttir, meðstjórnandi

Alls hélt stjórnin ellefu formlega fundi á starfsárinu. Tveir stefnumótunarfundir voru haldnir fyrst í september 2011 og svo í nóvember. Einnig var haldinn sérstakur jólafundur með formönnum fastanefnda. Áhersla í starfinu hefur verið að breytast í þá veru að styrkja enn frekar tengingu stjórnar við fastanendur félagsins, með því að boða þá a.m.k tvisvar á ári á stjórnarfundum og vinnufundum eftir því sem við á. Einnig hafa formenn nefnda verið beðnir um að koma að einstökum afmörkuðum verkefnum eins og t.d. erinda frá Fjármálaeftirlitinu.

### *Stefnumörkun*

Stjórn félagsins hóf starfsárið með því að fara yfir stefnumörkun stórnar frá 2008 sem kynnt var félagsmönnum á aðalfundi ársins 2009 undir yfirskriftinni „**Fagþekking til framfara**“. Í september 2011 var tekinn frá einn eftirmiðdagur þar sem stjórnin ásamt nefndarmönnum fastanefnda kom saman með það að markmiði að greina stöðu félagsins og uppfæra stefnuna 2008. Mikil og frjó umræða átti sér stað. Í þessari vinnu var hópnum skipt upp í þrennt; hópur 1 fjallaði um Lög og reglur – CIA gráðan, hópur 2. um innra starf og alþjóðasamstarf, hópur 3 um stefnumótun og markaðsmál. Niðurstaðan úr þessari vinnu er komin á lokaða svæði heimasíðu félagsins þar sem stillt voru upp 5 markmið og undir hverju markmiði eru 4 – 6 aðgerðir.

*Framtíðarsýn (Vision):* Að vera leiðandi fagfélag á Íslandi á sviði innri endurskoðunar.

*Stefna (Mission):* Að stuðla að framþróun innri endurskoðunar sem faggreinar á Íslandi og vera í fararbroddi varðandi þekkingarmiðlun á sviði innri endurskoðunar.

**Markmið 1:** Vera leiðandi við að byggja upp fagþekkingu hér á landi á sviði innri endurskoðunar.

**Markmið 2:** Viðurkenning á fagi innri endurskoðunar í lögum og starfsheiti innri endurskoðenda

**Markmið 3:** FIE stuðli að fjölgun aðila með CIA gráðu

**Markmið 4:** Að styrkja tengsl við fagfélög innri endurskoðenda á alþjóðavísu, IIA, ECIIA, Norðurlönd.

**Markmið 5:** Byggja upp gott innra starf á vegum félagsins; efla samskipti félagsmanna og fjölga félagsmönnum

### **Hagsmunagæsla gagnvart stjórnvöldum**

- Viðurkenning á starfsheiti innri endurskoðenda

Eitt af verkefnum félagsins er að sinna hagsmunagæslu er snýr að því að hafa áhrif á lög, reglugerðir og reglur er fjalla um innri endurskoðun. Frá þeim tíma sem félagið var stofnað 2003 hefur starfsumhverfi innri endurskoðunar tekið þó nokkrum breytingum. Síðasta starfsár stjórnar 2011 endaði með fundi með efnahags- og viðskiptaráðuneytið þar sem rætt var um viðurkenningu á starfsheiti innri endurskoðenda, vakin athygli á nauðsyn þess að bæta lagalega umgjörð og skilyrði er varða viðurkenningu á faggrein innri endurskoðunar og þeim faglegum kröfum sem gera þarf til innri endurskoðenda og þeirra sem starfa við innri endurskoðun.

Framundan er heildarendurskoðun á lögum um endurskoðun, tekur sú vinna mið af niðurstöðum skýrslu nefndar um málefni endurskoðenda, frá janúar 2011. Þar sem fram kom að setja verði í heildarlög um endurskoðun skýr lagafyrirmæli um efnisþætti er varða starfsemi innri endurskoðunar og þar er hvatt til samvinnu við Félags um innri endurskoðun og að tekið skuli mið af því sem alþjóðasamtök innri endurskoðenda hafa fram að færa. .

Félagið hefur áfram verið í samskiptum við efnahags- og viðskiptaráðuneytið en þar hefur m.a. komið fram að ráðuneytið mun óska eftir aðkomu félagsins í tengslum við undirbúning heildarendurskoðunar á lögum um endurskoðun.

### **Umsagnir – fyrir FME**

Samskipti við Fjármálaeftirliti hafa verið að festast í sessi. Formleg erindi hafa borist frá Fjármálaeftirlitinu þar sem óskað var eftir umsögn félagsins á umræðuskjölum þeirra. Með bréfi dags 18. maí 2011 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir umsögn Félagsins um „drög að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðum“. Félagið skilaði umsögninni í júní 2011.

Í desember barst erindi frá Fjármálaeftirlitinu (FME) þar sem óskað var eftir umsögn félagsins um „drög að nýjum reglum um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða“. Í bréfinu kemur fram að um er að ræða endurskoðun á

reglum nr. 687/2001. Þannig að jólafrí nokkurra félagsmanna fór í að vinna að þessari umsögn og afgreiða erindið.

### ***Innri endurskoðunardagurinn***

Innri endurskoðunardagurinn var haldinn hátíðlegur þann 23. mars síðast liðinn. Þessi dagur er hápunktur dagskrár vetrarins og sóttu um 100 manns, þennan dag. Það var ánægulegt að sjá þar ný andlit og ljóst að viðfangsefni þessa dags hafi náð til víðtæks hóps, jafnt til félagsmanna og þeirra sem eru utan en starfa í tengslum við fagið. Viðfangsefni innri endurskoðunardagsins hafa verið fjölbreytt og framsögumenn komu úr ólíkum áttum og hver með sína tengingu við innri endurskoðun. Þó vil ég nefna að það var einkar ánægjulegt að fá Dr. Flemming Ruud, Professor í innri endurskoðun frá St. Gallen Háskóla í Sviss. Hann er einn af forystu mönnum í Evrópu um þróun í faginu og hefur tekið þátt í ýmsum nefndum og störfum á vegum Alþjóðasamtak IIA, faggreininni til framdráttar.

Mörg önnur áhugaverð erindi voru á ráðstefnunni, framkvæmdastjóri Festu, fjallaði um samfélaglega ábyrgð fyrirtækja og mikilvægi góðs siðferðis, framkvæmdastjóri FLE, fjallaði um; tillögur Evrópusambandsins um lögboðna endurskoðun í tengslum við endurskoðun og eftirlitsþætti, í lokin var líflegur fyrirlestur, Árelíu Guðmundsdóttur, dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands er fjallaði um hvort Innri endurskoðendur væru á réttri hillu í lífi og starfi. Deginum lauk með kynningu formanns fræðslunefndar á nýrri og glæsilegri heimasíðu félagsins.

### ***Samstarf við háskólasamfélagið***

Haldið var áfram samstarfi Félagsins og Háskólans í Reykjavík um námskeiðahald sem er haldið á vegum Opna háskólans í Reykjavík annars vegar námskeið um innri endurskoðun og hins vegar um innra eftirlit. Á vormisseri 2012 héldu þær stöllur Nanna Aradóttir og sú sem hér tala vel sótt námskeið um innri endurskoðun og stendur til að helda þessu samstarfi áfram. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Opna háskólans í Reykjavík.

Félag um innri endurskoðun hefur á undanförunum árum verið beðið um að vera með kynningu á félaginu og faggrein innri endurskoðunar í meistaranámi í viðskiptafærðum við Háskóla Íslands. Um er að ræða kynningu í einum tíma sem fráfarandi formenn hafa sinnt. Einnig hefur formaður Alþjóðanefndar verið beðin um að halda erindi um innri endurskoðun í Háskólanum á Bifröst. Mikilvægt er að halda þessu starfi áfram og byggja upp tengsl og þekkingu á sviði innri endurskoðunar á háskólastigi.

### ***CIA-próf***

Það virðist vera að með hinu nýja rafræna fyrirkomulagi á CIA prófunum hefur Félag um innri endurskoðun minni yfirsýn yfir þá aðila sem hyggjast taka prófin. Próftímabilum hefur einnig fjölgað og því hefur reynst erfiðara um vik að skipuleggja sérstakar kynningar eða námskeið tengdum prófunum. Of fáir hafa tekið CIA

gráðuna á undanförnum misserum. Nú eru 14 einstaklingar með slíka gráðu hérlandis.

Fulltrúar frá fræðslunefnd og stjórn hafa verið að leit leiða til að koma á öflugum námskeiði fyrir þá sem ætla að taka CIA – prófið. Skoðað hefur verið sú leið að fá tilbúinn kennslupakka/kennsluefni og að þeir sem eru með CIA gráðu myndu taka að sér að kenna þetta efni. Einnig hefur komið til umræðu að tengjast erlendum háskóla sem hefur séð um að kenna undirbúningsáfangu fyrir CIA prófið. Í þessu samhengi fundaði undirrituð og formaður alþjóðanefnda með Dr. Flemming Ruud þar sem hann kynnti CIA undirbúningsprógram – sem hann ber ábyrgð á á vegum st. Gallen háskóla í Sviss. Þetta námsskeið hefur hann nokkru sinnum boðið uppá í samvinnu við Háskóla í Osló. Nauðsynlegt er að fylgja þessu eftir þar sem mikil þörf er á kennslu í tengslum við undirbúning CIA námsins og þó nokkri einstaklingar hafa áhuga á að taka þessa prófgráðu

#### *Fastanefndir félagsins:*

Fastanefndir félagsins eru þrjár; Fræðslunefnd; skipuleggur fræðslu á vegum félagsins, svo sem morgunverðarfundir, námskeið og smærri ráðstefnur, auk þess að hafa umsjón með heimasíðu félagsins, útgáfu kynningarefnis og fréttabréfa.

Alþjóðanefnd; heldur utanum samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin skal einnig fylgjast með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar. Og loks er það Siðanefnd, sem taka skal til umfjöllunar ábendingar um meint brot félagsmanna á siðareglum innri endurskoðenda.

Erindisbréf liggja fyrir öllum þessum nefndum og eru aðgengileg á heimasíðu félagsins.

#### ***Fræðslunefnd -starfsárið 2011-2012***

Formaður fræðslunefndar, Hrefna Gunnarsdóttir, var kosin á aðalfundi FIE í maí 2010 og endurkjörin á aðalfundi í maí 2011. Aðrir nefndarmenn fræðslunefndar FIE starfsárið 2011 – 2012 voru; Björn Snær Atlason, Guðjón Viðar Valdimarsson, Ingunn Þórðardóttir og Þórir Haraldsson. Björn Snær kom nýr inn í nefndina vorið 2011 en Guðjón Viðar, Ingunn og Þórir hafa starfað í nefndinni frá maí 2010.

Fyrsti fundur nefndarinnar á nýju starfsári var haldinn í júní 2011 þar sem nefndin skipti með sér verkum og unnin voru drög að starfsáætlun fyrir nýtt starfsár. Endanleg starfsáætlun var unnin með hliðsjón af niðurstöðum skoðunarkönnunar sem gerð var meðal félagsmanna í september 2011. Á liðnu starfsári hefur nefndin haldið 10 formlega nefndarfundum auk þess sem aukafundir hafa verið haldnir í tengslum við afmörkuð verkefni.

Helstu verkefni starfsársins hafa meðal annars tengst:

- *Fræðslufundum* – Á starfsárinu voru 5 fræðslufundir á vegum fræðslunefndar. Flestir fyrirlesarar komu úr röðum félagsmanna FIE en einnig frá Ernst & Young í Noregi og Sérstökum saksóknara, auk þess sem Herdís Pála Pálsdóttir endaði starfsárið með fræðsluerindi.
- *Fréttablöðum FIE* – 3 tölublöð voru gefin út á starfsárinu og naut fræðslunefnd þar krafta félagsmanna, bæði innan og utan nefndarinnar, varðandi greinaskrif í blöðin.
- *Heimasíðu FIE* – endurnýjun heimasíðu félagsins var eitt stærsta verkefni nefndarinnar á starfsárinu. Þegar þarfagreining lá fyrir hófst vinna við hönnun síðunnar sem unnin var af auglýsingastofunni Pipar/TBWA. Því næst var tilboða aflað í forritunarvinnuna og gengið til samninga við Internetkompaníið. Heimasíðan var formlega opnuð á Innri endurskoðunardegi FIE í mars 2011 og stuttu síðar tekin í notkun á vefslóðinni [www.fie.is](http://www.fie.is). Í þessu verkefni lögðu margir hönd á plóg. Ekki er hallað á neinn þó þakkað sé sérstaklega fyrir ómetanlegt framlag Alberts Ólafssonar og Guðjóns Viðars Valdimarssonar.
- *Haustráðstefnu og málstofu* – Í október 2011 var haustráðstefna haldin í samstarfi við IIA þar sem fjallað var um áhættumiðaða innri endurskoðun. Í framhaldi af ráðstefnunni 2011 var haldin málstofa í desember þar sem þrír félagsmenn leiddu umræður um áhættumiðaða innri endurskoðun, tilvist óáþreifanlegra eftirlitsþátta (e. soft controls) og mörkin milli staðfestingarvinnu og ráðgjafar. Undirbúningur er hafinn varðandi haustráðstefnu 2012 og liggja fyrir tvær tillögur en endanleg ákvörðun bíður nýrrar fræðslunefndar.
- *Undirbúningur fyrir CIA próf* – Nefndin hefur leitað leiða til að bjóða upp á formlegan undirbúning fyrir faggildingarprófinn í samstarfi við fulltrúa stjórnar. Vonir standa til að boðið verði upp á slíkan undirbúning á komandi starfsári.

Stjórnin vill þakka Fræðslunefnd fyrir sérlega öflugt starf á þessum vetri. Sérstaklega vil ég nefna það þrekvirki að koma á nýrri heimasíðu félagsins. Þetta er ómetanlegt fyrir félagið og við gerum okkur grein fyrir að mikil sjálfboðavinna hefur verið unnið af hálfu fræðslunefndar til að koma þessu áleiðis.

Einnig er óhætt að nefna að Fréttabréfið hefur náð að festast í sessi og þar er að geyma dýrmæta umfjöllun um fag innri endurskoðunar. Bestu þakkir fá þeir fjölmörgu félagsmenn sem hafa stutt fræðslunefndina á margan hátt meðal annars með fyrirlestrum á fræðslufundum, greinarskrifum í fréttablað félagsins, þátttöku í skoðanakönnunum og fleiru.

*Alþjóðanefnd:*

Formaður alþjóðanefndar var kosin aðalfundi FIE í maí 2010 og endurkjörin á aðalfundi í maí 2011. Í Alþjóðanefnd störfuðu til viðbótar Ástráður Karl Guðmundsson, Sigurjón G. Geirsson og Sveinbjörn Egilsson.

Alþjóðanefnd annast samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda fyrir hönd Félags um innri endurskoðun. Í því felst meðal annars:

- Halda uppi tengslum við tengiliði hjá IIA og eftir því sem við á við systur- og svæðissamtök. Í þeim efnum verði lögð sérstök áhersla á samstarf við systurfélög á Norðurlöndum.
- Meta erindi sem IIA sendir félaginu sérstaklega og/eða almennt til aðildarféлага sinna. Ef erindi eru þess eðlis að þau eigi erindi til félagsmanna, svo sem kannanir, undirbýr alþjóðanefnd kynningu þeirra og metur hvort þörf sé á að þýða erindið í heild sinni eða aðeins úrdrátt. Dreifing slíks efnis er að öllu jöfnu unnin í samstarfi við fræðslunefnd félagsins. Séu erindi þess eðlis að þau þarfnist umfjöllunar stjórnar eða séu stefnumarkandi fyrir félagið leggur alþjóðanefnd tillögu fyrir stjórn félagsins til umfjöllunar áður en erindinu er svarað.
- Alþjóðanefnd aðstoðar stjórn og aðrar nefndir félagsins við að koma erindum á framfæri við IIA.
- Nefndin fylgist með framþróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar og miðlar upplýsingum um þá og fyrirhugaðar breytingar til félagsmanna.
- Nefndin fjallar jafnframt um þýðingar á stöðlum og tengdu efni eftir því sem ástæða þykir til. Lítið hefur þó áunnist í þýðingum á árinu. Enn er þó talið að mikilvægt sé að þýða lykilþætti staðlanna, en að ekki sé grundvöllur fyrir heildstæðri þýðingu á öllu ítarefni staðlanna með það í huga að ávinningur verði að öllum líkindum ekki í samræmi við þá vinnu sem slík þýðing kallar á. Þýðingin þarf hinsvegar að vera vönduð og uppfylla skilyrði alþjóðasamtakanna.

Samstarf við systurfélög á Norðurlöndum hefur farið vaxandi, einkum þó Noreg. Formaður alþjóðanefndar Félags um innri endurskoðun hélt fyrirlestur á 60 ára afmælisráðstefnu norska félagsins síðastliðið vor. Alþjóðanefnd aðstoðaði einnig við að fá hingað til lands erlendan fyrirlesara á innri endurskoðunardaginn síðast liðið haust. Fengur er af því að fá hingað slíka fyrirlesara án sérstaks endurgjalds, en Flemming Ruud er prófessor í viðskiptafræðum með sérstaka áherslu á innra eftirlit og innri endurskoðun í University of St. Gallen í Sviss, auk þess að starfa sem prófessor í hlutastarfi – eða aðjúnkt – í innri og ytri endurskoðun í Norwegian Business School í Oslo og í University of Toronto í Kanada.

Komið hefur verið á vísu að formlegra samstarfi á milli félaganna á Norðurlöndum og með þátttöku Eystrasaltsríkjanna, en það starf er í mótun. Meðal annars er stefnt að fundi þessara aðila í tengslum við alþjóðaráðstefnuna í Boston í júlí. Líklegt er að þessir aðilar komi upp einhvers konar netmiðli til að koma á framfæri gagnlegum upplýsingum og greinum sem miða að þörfum þessa svæðis sérstaklega.

Enn gengur erfiðlega að fá forráðamenn félagsins til að sækja alþjóðlega fundi IIA og Evrópusamtaka innri endurskoðenda og enginn sá sér fært að þiggja boð Norðmanna um setu á ráðstefnu þeirra í júní komandi. Hér virðast bæði tími og ferðakostnaður setja strik í reikninginn. Mikilvægt er að félagið taki virkan þátt í þessu starfi, bæði til að tryggja að sjónarmið Íslands heyrast á þessum vettvangi og til

Þess að sækja mikilvæga þekkingu til að styrkja uppbyggingu innri endurskoðunar sem faggreinar á Íslandi.

Ágúst Hrafnkelsson hefur starfað í alþjóðanefnd IIA síðan 2008 og tók einnig setu í aðalstjórn alþjóðasamtakanna um mitt síðasta ár. Æskilegt væri að fleiri félagsmenn íhuguðu að bjóða fram krafta sína á vettvangi alþjóðasamtakanna, en árlega er leitað eftir tilnefningum til nefndarsetu. Því fylgir hinsvegar að viðkomandi þarf að vera tilbúinn að mæta á fundi tvisvar á ári og kosta það að verulegu eða öllu leyti sjálfir. Samskipti af þessu tagi eru mikilvæg, þar sem þau skapa tengsl við alþjóðasamfélagið og veita okkur greiðan aðgang að margvíslegri þekkingu og reynslu víðsvegar að úr heiminum.

Eins og áður segir annast alþjóðanefnd félagsins samskipti við IIA, en þau felast meðal annars í ýmsum skýrsluskilum um starfsemi félagsins. Einnig er um að ræða svörun ýmissa fyrirspurna og miðlun upplýsinga í báðar áttir. Þetta er vinna sem að öllu jöfnu er unnin af starfsfólki félaganna þar sem því er til að dreifa.

Stjórnin þakkar Alþjóðanefnd samstarfið á þessum vetri.

#### *Siðanefnd*

Breytingar á samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins 2010, hnykkja á skyldu félagsmanna til að hlíta siðareglum innri endurskoðenda. Á síðasta ári var skipuð sérstök siðanefnd til að fjalla um meint brot á siðareglunum innri endurskoðenda, erindisbréf nefndarinnar er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Ekki hafa borist formleg erindi til siðarnefndar þó svo félagsmenn hafa rætt óformlega við formann nefndarinnar um möguleg álitamál.

#### **Lokaorð:**

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að Félag um innri endurskoðun var stofnað árið 2003. Á þessum tíma hefur ýmislegt áunnist í þá veru að skapa innri endurskoðun sess sem faggrein á Íslandi, en margt er þó enn óunnið í þeim efnum. Ekki síst þarf að fjölga útskrifuðum innri endurskoðendum og tryggja opinbera viðurkenningu CIA gráðunnar hérlendis sem mælikvarða á þekkingu viðkomandi á þessu sviði. Einnig þarf að setja þýðingu alþjóðastaðlasettsins í forgang á næsta ári. Sem formaður félagsins vil ég þakka stjórn fyrir einstaklega gott samstarf og fastanefndum. Þetta litla en öflugra félag gæti ekki starfa með þessum hætti nema vegna þessar fjölmargra öflugra einstaklinga sem eru þar starfandi og allir tilbúnir að koma að hinum ýmsu verkefnum og taka þátt í viðburðum félagsins. Því vil ég ljúka þessari skýrslu með því að hrósa einnig öllum félagsmönnum sem flesta allir hafa komi með virkum hætti að störfum félagsins.

Flutt á aðalfundi félagsins þann 25. maí 2012

Anna Margrét Jóhannesdóttir

formaður stjórnar Félags um innri endurskoðun